

Skýrsla stjórnar ÍFR 2024

Kæru fundarmenn, velkomin á aðalfund ÍFR og til hamingju með daginn.

Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík var stofnað 30. maí 1974 og félagið okkar er því 50 ára í dag.

Til að byrjun með voru æfingar í félaginu haldnar í hinu og þessu húsinu, víða um borgina en félagið byggði þetta hús, Hátún 14 og flutti inn í það 1992. Þá hafði draumurinn um íþróttahús varað í 10 ár en við fengum þessa lóð og tókum grunn að húsinu 1984, settum svo allt í salt vegna fjárskorts en eftir frábæra frammistöðu íslensks íþróttafólks og umræðunnar í kringum Ólympíumót fatlaðra í Seul 1988 var haldin söfnun sem Rás 2 stóð fyrir, sem kom öllu af stað aftur, það var svo í annarri söfnun á Rás 2 árið 1990 sem gerði okkur kleift að klára byggingu hússins. Síðan við tókum húsið í notkun hefur tvisvar verið byggt við húsið okkar, fyrst 2009 líkamsræktaraðstaða og aðstaða fyrir starfsemi HL stöðvarinnar og 2014 anddyri og bogfímivöllur.

Frá byrjun hefur HL stöðin verið okkar helsti leigjandi en starf þeirra er hér alla virka daga og samstarfið við HL stöðina mjög gott, en HL stöðin var einmitt 35 ára um daginn.

Starf vetrarins hefur gengið vel, við erum með öflugt starf í borðtennis, sundi, boccia, bogfimi og lyftingum. Iðkendum hefur fjölgað í öllum þessum greinum og horfum við bjartsýn fram á veginn og vonum að svo verði áfram enda erum við með mjög góðar aðstæður, frábæra þjálfarar og öll umgjörð góð.

Síðasta vetur reyndum við að koma á markbolta / blindrabolta sem hefur lengi verið draumur okkar en eins og oft áður tókst ekki að halda það út, svo reyndum við að byrja með nýja íþrótt á Íslandi, sitjandi blak en náðum ekki nægri þátttöku til að halda það út.

Íþróttaskólinn er á sínum stað á laugardögum og hefur þátttaka þar verið góð þó við viljum endilega fá enn fleiri, enda aðstaða til að taka á móti fleirum. Einar Hróbjartur og Ágústa Ósk hafa haldið utan um skólann og gert það mjög vel.

Haldin voru ótal mót í flestum greinum á árinu og má sjá helstu afrek tekin saman í samantekt hverrar greinar fyrir sig sem liggja frammi.

Okkar sterkustu íþróttamenn eru búnir að vera á faraldsfæti á vegum ÍF eins og sjá má í samantektum viðkomandi íþróttagreina og svo tókum við þátt í Malmö Open eitt skiptið enn og um daginn voru þrír keppendur frá okkur að keppa á sterku sundmóti í Falkenberg í Svíþjóð.

Ferðalög innanlands hafa verið tengd keppni, nýlokið er Íslandsmóti á Akureyri sem haldið var sömu helgi og Hængsmót, í haust fór fram Íslandsmót í sveitakeppni á Sauðárkrók og þess má geta að í haust ætlum við að halda Íslandsmótið í boccía í einstaklingskeppni í Laugardalshöll og tengja það afmælisárinu. Keppendur á vegum okkar hafa líka keppt á mótum hjá almennu félögum og náð athyglisverðum árangri.

Ýmsar framkvæmdir fóru fram í húsinu okkar á síðasta ári sem koma fram í skýrslu húsnefndar sem Óskar Elvar flytur á eftir.

Ýmsar upptækur voru hjá okkur á síðasta ári. Getraunagrill í sumarbyrjun þar sem við grilluðum hamborgara hér fyrir utan, 13 réttir voru á sínum stað í nóvember í Hátúni 12 þar sem Kokkarnir elduðu ofan í okkur, árshátíð Reykjavíkurfélags Sjálfsbjargar og okkar var haldin í haust og svo breyttist skötukeimurinn í vöfluilum fyrir jólin þar sem bakaðar voru 100 vöflur sem öllum var sporðrennt, einhverjir söknuðu þó skötunnar sem fékk frí þetta árið.

Á þessu ári hafa fallið frá góðir félagar, við nefnum hér Guðmundur Gíslason sem var gjaldkeri okkar og stjórnarmaður til þrjátíu ára. Við hugsum hlýlega til þeirra.

Nú í lok samantektar um starf ársins þá langar stjórn ÍFR til að þakka öllum þjálfurum sem hafa unnið frábært starf og nefndafólki, Eiríki og Þórði fyrir skiltasöfnun, Togga og Jóni Erni fyrir frábær störf í þágu getraunanna. Þessi störf eru mjög dýrmæt fyrir félagið, þau efla starfið og skapa okkur tekjur sem gerir okkur kleift að t.d. halda úti starfsemi okkar með fyrsta flokks þjálfara, íþróttaskóla án endurgjalds og sundkennslu fyrir byrjendur þar sem við erum nánast með þjálfara fyrir hvern iðkanda.

Garðar Steingrímsson formaður ÍFR